

Sp. 206. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis. Verði varið 250 millj. kr. á núgildandi verðlagi til þessa verkefnis á ári hverju þar til þörfinni hefur verið fullnægt.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga svipaðs efnis var flutt á 107. löggjafarþingi (160. mál) en náði þá ekki fram að ganga. Á þeim tveimur árum, sem liðin eru, hafa húsnæðismál verið mál málanna og ýmsar úrbætur náðst fram. Einn hópur fólks, sem liggur þó óbættur hjá garði, eru leigjendur.

Hér á landi eru hópar fólks sem þurfa eða vilja leigja húsnæði, ýmist tímabundið, t.d. námsmenn, eða um lengri tíma. Þess eru mörg dæmi að fólk ræður ekki við þau kjör sem boðið er upp á á almennum húsnæðismarkaði og eins og kunnugt er anna verkamannabústaðirnir hvergi nærri þörfum þeirra sem rétt eiga á félagslegum íbúðum. Margir eiga því ekki annarra kosta vöð en að leigja húsnæði og ætti það reyndar ekki að vera lakur kostur ef rétt væri að málum staðið.

Nýleg könnun á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins sýnir svo að ekki verður um villst að mikil þörf er fyrir leiguhúsnæði. Allar sveitarstjórnir á landinu voru beðnar að áætla þörf sína fyrir leiguhúsnæði og auk þess fern félagasamtök sem hafa innan sinna vébanda þá hópa sem eru hvað fjölmennastir meðal leigjenda. Niðurstöður urðu þær að sveitarfélögin telja þörf á 1750–2000 leiguíbúðum. Félagasamtökin, Öryrkjabandalag Íslands, Bandalag íslenskra sérskólanema, Leigjendasamtökin og Félagsstofnun stúdenta, telja sitt fólk þurfa rúmlega 900 íbúðir. Samtals telja þessir aðilar að þörfin á leiguhúsnæði sé því á bilinu 2650–2900 íbúðir.

Það fólk, sem hér um ræðir, eru einkum námsmenn, aðallega á Reykjavíkursvæðinu, einstæðir foreldrar sem margir eiga við mikinn húsnæðisvanda að stríða, aldraðir sem ekki eiga eigið húsnæði og fatlað fólk sem oft á tíðum þarf sérhannað húsnæði. Þessir hópar eiga það sameiginlegt að vera láglounahópar.

Sú stefna hefur ríkt hér um áratuga skeið að stefna þeim námsmönnum, sem stunda vilja framhaldsnám, til Reykjavíkur en ekkert hefur verið hugsað fyrir húsnæði þeim til handa. Félagsstofnun stúdenta annar aðeins þörf örlítils hluta stúdenta við Háskóla Íslands og aðrir skólar bjóða ekki húsnæði til leigu. Á hverju hausti keppa því þúsundir nemenda um það húsnæði sem er í boði og verðið á almennum markaði fer stöðugt hækkandi samkvæmt lögmálum framboðs og eftirspurnar.

Kannanir hafa leitt í ljós að húsnæðismálin eru stærsti vandi einstæðra foreldra og að í þeirra hópi eru margir (einkum konur) sem ekki ráða við þau kjör sem bjóðast og verða því m.a. að leita á náðir ættingja. Vandí fatlaðra og þroskaheftra er gífurlegur þar sem húsnæði fyrir þá hefur ekki verið byggt árum saman. Gamalt fólk býr margt við þröngan kost og verður að keppa við alla hina um takmarkað leiguhúsnæði. Þá eru ónefndir þeir sem af ýmsum ástæðum lenda í félagslegum erfiðleikum og svo loks þeir sem vilja fremur leigja en að glíma við afborganir og vexti.

Úti á landsbyggðinni er skortur á leiguhúsnæði þess oft valdandi að erfitt er að fá fólk til vinnu og t.d. kennarar, lækningar og prestar staldra stutt við.

Af framansögðu má ljóst vera að hér er um brýnt mál að ræða. Því er lagt til að ríkisstjórnin grípi til aðgerða þegar í stað og verji 250 millj. kr. til byggingar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Ætla má að slíkt „eyrnamerkt“ fé verði mönnum hvatning til að hefjast handa við byggingu leiguhúsnæðis. Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá þingmönnum Kvinnalistsans um ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna kom fram að meira fé kemur frá lífeyrissjóðunum en reiknað var með á þessu ári. Það er því tillaga Kvinnalistsans að hluta þess fjár verði varið til byggingar leiguhúsnæðis. Augljóst er að sú fjárhæð, sem hér er stungið upp á, dugar hvergi nærri en hún er þó byrjun. Brýna nauðsyn ber til að síðan verði gerð áætlun til a.m.k. 10 ára um það hvernig vandi leigjenda verði leystur. Kvinnalístinn er þeirrar skoðunar að fólk eigi að geta valið um það í hvers konar húsnæði það býr og hvort það á húsnæðið sjálft eða leigir af öðrum. Það sjónarmið að fólk geti valið milli þess að leigja og eiga sitt húsnæði hefur ekki átt hljómgrunn meðal ráðamanna heldur hefur eignastefnan verið alls ráðandi. Það verður aldrei lausn fyrir alla þegna þessa lands að kaupa húsnæði og því verður að bjóða aðra kosti, leiguhúsnæði verður að vera fyrir hendi. Sú tillaga, sem hér er flutt, er skref í átt til nýrrar lausnar í húsnæðismálum, lausnar sem lengi hefur verið beðið. Ljóst er að þörfin á leiguhúsnæði er mikil og því ekki eftir neinu að bíða að hefjast handa.